

Nd.

164. Tillaga til þingsályktunar

um að jafna og samræma laun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana o. fl.

Flm.: Stefán Stefánsson, Þorsteinn Briem.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún á þessu ári láti gera ráðstafanir til þess:

1. Að færð verði til jöfnunar og samræmd laun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana.
2. Að á meðan slík jöfnun eigi hefir fram farið, þá verði laun þeirra starfsmanna

- rikis og ríkisstofnana, er eigi taka laun samkvæmt launalögum eða öðrum hliðstæðum lagaákvæðum, lækkuð um 15%. Lækkun þessi nái þó aðeins til þess hluta samanlagðra árslauna hvers starfsmanns, sem er fram yfir kr. 4500.00.
3. Að með lögum eða á annan hátt verði takmarkaður réttur þeirra starfsmanna, er laun taka af opinberu fé, til að hafa með höndum fleiri störf og taka fyrir margföld laun.
 4. Að á starfsmannaskrá ríkis og ríkisstofnana séu þeir starfsmenn, sem hafa auka-störf með höndum, er þeir taka fyrir laun af opinberu fé, sérstaklega nafngreindir og getið launa þeirra fyrir hvert einstakt starf, aukastörf sem aðalstarf. Þetta skal þó því aðeins gert, að starfsmaðurinn hafi samtals yfir kr. 1000.00 á ári fyrir aukastörf.
 5. Að hverju fjárlagafrumvarpi fylgi skrá yfir þá starfsmenn ríkis og ríkisstofnana, er ferðast utanlands eða innan fyrir ríkisfé, ásamt yfirliti yfir ferðakostnað og dagpeninga hvers um sig.

Greinargerð.

1. Þá borin eru saman laun þeirra starfsmanna, er laun taka samkvæmt launalögum eða öðrum hliðstæðum lagaákvæðum, og laun annara starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, verður ljóst hið mikla ósamræmi og misrétti, er ríkir um kaupgreiðslur til þessara manna. Hinir fyrrnefndu eru þar mjög afskiptir, þrátt fyrir nokkra dýrtiðaruppbót af launum undir kr. 4500.00. Ber hin mesta nauðsyn til að samræma og jafna laun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana. Verður að vænta þess, að þing og stjórn sjái nauðsyn þessa, svo brýn sem þörfin er.

2. Meðan hinsvegar þessu eigi verður komið í framkvæmd, þykir rétt að færa nokkuð til jöfnunar laun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana með því að lækka nokkuð laun hinna hæstlaunuðu, er laun taka utan launalaga. Nær þessi lækkun aðeins til þess hluta launanna, er fram yfir er kr. 4500.00.

Hliðstæð launalækkun hefir þegar verið framkvæmd hjá þeim starfsmönnum ríkisins, er laun taka samkvæmt launalögum.

Rétt þykir að miða lækkunina við samanlögð laun starfsmannsins, því ella myndu þeir betur settir, er hefðu fleiri störf og tækju fyrir margföld laun, en sízt ber að því að vinna. Þrátt fyrir þessa lækkun verða menn þessir betur settir en þeir, er laun taka samkvæmt launalögum.

Kunnugt er það ósamræmi, er ríkir um allar launagreiðslur. Minna má á það, að prófessorar við Háskóla Íslands hafa hæst kr. 6000.00 í árslaun. Til samanburðar launum þessara manna, er hafa mjög vandasömum og ábyrgðarmiklum störfum að gegna, auk þess sem þeir hafa þurft að leggja á sig langt og kostnaðarsamt nám, skulu nefnd laun eftirtalinna starfsmanna:

Laun póst- og símamálastjóra	kr. 11600.00
— forstjóra tóbakseinkasölu	— 10000.00
— — áfengisverzlunar	— 9000.00
— — ríkisprentsmiðju	— 9000.00
— — raftækjaeinkasölu	— 9000.00
— — skipaútgerðar ríkisins	— 9000.00
— — landssmiðjunnar	— 8400.00

Sýnist eigi ósanngjarnt að lækka nokkuð laun þessara manna og margra annara til nokkurs samræmis við aðra starfsmenn ríkisins

3. Því miður hefir það oft fyrir komið, bæði fyrr og síðar, að fleiri störfum er hlaðið á einstaka menn og þeir þegið fyrir margföld laun. Veldur þetta óánægju með þjóðinni, enda miklar líkur til þess, að þegar menn hafa með höndum fleiri sundurleit störf, verði þau eigi rækt sem skyldi. Svo mikið mannval mun með þjóð vorri,

að vart er verjandi að hlaða margföldum störfum og margföldum launum á einstaka menn.

4. Þessi liður tillögunnar miðar að því að tryggja þjóðinni fulla vissu um það, hvað einstakir starfsmenn ríkis og ríkisstofnana fá að launum af opinberu fé. Enda þótt eigi þyki ástæða til að nafngreina þá starfsmenn, er aðeins hafa með höndum eitt starf, þykir sérstök ástæða til að nafngreina þá, hafi þeir eitt eða fleiri aukastörf með höndum, er þeir taka fyrir laun af opinberu fé.

Slík birting starfsmannaskrár mætti vel verða til þess að taka að nokkru eða öllu fyrir það, að einstakir starfsmenn hafi fleiri störf með höndum og taki fyrir margföld laun. En að því ber að stefna.

5. Rétt þykir, að almenningur eigi þess nokkurn kost að kynnast því, hvað einstakir starfsmenn ríkis og ríkisstofnana fá greitt í ferðakostnað og dagpeninga, þá þeir ferðast fyrir ríkisfé, hvort heldur er utan lands eða innan. Hafa oft farið og fara ýmsar sagnir manna á milli um ferðakostnað og dagpeninga þessara manna. Eru reikningar þeirra oft taldir miður réttir og sanngjarnir, og því er bezt hverjum starfsmanni, að eigi sé verið að fela reikningana, heldur sé hirt yfirlit yfir þá, svo þjóðin geti gengið úr skugga um réttmæti þeirra.

Gert er ráð fyrir, að tillaga þessi hafi allverulegan sparnað í för með sér fyrir ríkissjóð.